

Fréttaskýring: Þörf á sætum fyrir tvö til þrjú hundruð konur

Fréttaskýring: Þörf á sætum fyrir tvö til þrjú hundruð konur

Kynjahlutfall hjá fyrirtækjum

■ Konur ■ Karlar

Framkvæmdastjórar



Stjórnarformenn



Stjórnarmenn



Eftir stærð fyrirtækja:

Framkvæmdastjórar

Ef starfsmenn eru:



Stjórnarformenn

Ef starfsmenn eru:



Stjórnarmenn

Ef starfsmenn eru:



Eftir aldri:

Framkvæmdastjórar

Ef aldur viðkomandi er:



Stjórnarformenn

Ef aldur viðkomandi er:



Stjórnarmenn

Ef aldur viðkomandi er:



Morgunblaðið

Baksvið Andri Karl

Jafnréttismál voru víða til umræðu í gær. „Viðvarandi verkefni sem skiptir mjög miklu máli,“ sagði velferðarráðherra þegar Alþingi samþykkti jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára og á aðalfundi Félags kvenna í atvinnurekstri var farið yfir næstum óbreytta stöðu í stjórnum fyrirtækja á undanförunum árum. Einnig birti Hagstofan tölur fyrir síðasta ár um kynjaskiptingu framkvæmdastjóra og stjórnarmanna.

Þegar rýnt er í tölur Hagstofunnar má finna alls kyns athyglisverða tölfræði. Til dæmis að hlutfall kvenna sem sinna starfi framkvæmdastjóra er lægra í öllum atvinnugreinum nema í flokki félagasamtaka og annarrar þjónustu. Hlutfallið er fremur jafnt í fræðslustarfsemi, 55% karlar á móti 45% konum, en í öðrum greinum virðast karlmenn eiga framkvæmdastjórastólinn vísan. Hlutfallið í heild er 80-20, karlmönnum í vil.

Sagan er svipuð en örlítið hagstæðari konum þegar kemur að stjórnarformennsku og -setu. Stjórnarformenn eru í 23% tilvika kvenkyns og 24% stjórnarmanna eru konur. En þetta eru tölur sem hafa lítið sem ekkert breyst á umliðnum árum.

5.000 fyrirtæki með bæði kyn

Þetta kann þó – og á – að breytast á næstu árum. Í september 2013 ganga í gildi breytingar á lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög. Með breytingunum er lögfest að í stjórnnum einkahlutafélaga og hlutafélaga skuli sitja sem næst jafnmargar konur og karlar, og stefnt er að því að hlutur kvenna í stjórnnum verði ekki minni en 40% í lok árs 2013.

Til þess að það verði þarf ýmislegt að breytast og yfir það var farið á aðalfundi Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) síðdegis í gær. Rakel Sveinsdóttir, sem situr í fræðslunefnd FKA, birti þá nýjar tölur sem sýndu að 70% fyrirtækja eru eingöngu með karlmenn í stjórn, og 14,8% aðeins með konur í stjórn. Aðeins um fimm þúsund fyrirtæki eru með bæði kyn í stjórn en í hlutafélagaskrá eru skráð um 32.500 fyrirtæki.

Rakel segir að gera megri ráð fyrir að lögin um kynjakvóta í stjórnnum nái til 8-10% þessara fyrirtækja. Hún bendir á að þegar skoðuð eru 300 stærstu fyrirtæki landsins, samkvæmt lista Frjálsrar verslunar, kemur í ljós að innan tveggja ára þurfa þau að bæta við konum í 200-300 stjórnarsæti. „Þar sitja 1.038 stjórnarmenn sem þýðir að miðað við 40% hlutfall kvenna þá ættu stjórnarkonur í þessum fyrirtækjum að vera 415 talsins. Þær eru hins vegar 196,“ segir Rakel.

Stjórnvöld fræða stjórnendur

Stjórnvöld ætla ekki að láta sitt eftir liggja þegar kemur að því að tryggja fjölgun kvenna í stjórnarsætum. Í jafnréttisáætluninni sem samþykkt var í gær kemur fram, að efnt verði til fræðslu um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna í fyrirtækjum.

Markmiðið með þessu er að auka hæfni stjórnenda til að gegna stöðum sínum með áherslu á að ná til kvenna. Koma á upp gagnagrunni yfir þá sem hlotið hafa slíka fræðslu, m.a. til að auðvelda fyrirtækjum að finna hæfa stjórnendur og stjórnarmenn.

Einnig stendur til að efla gagnagrunn um konur sem gefa kost á sér til stjórnunarstarfa. Nú þegar er að finna slíkan lista á vefsvæði FKA.

Kynjamunur

93-7

Munurinn á hlutfalli karla og kvenna sem sinna **stjórnarformennsku** í fyrirtækjum með 250 starfsmenn eða fleiri. Hlutfallið hækkar upp í 19% hjá fyrirtækjum með 100-249 starfsmenn.

SJÖ

konur sinna starfi framkvæmdastjóra hjá fyrirtækjum með

250 starfsmenn eða fleiri. Það er **tíu prósent** á móti 90% karlkyns framkvæmdastjórum.

24%

hlutfall kvenkyns stjórnarmanna í fyrirtækjum á Íslandi á síðasta ári. Hlutfallið hefur hækkað um **eitt prósent** frá 2008.

- 0